

Ræða Halldór Ármannssonar á 32. aðalfundi
Landssambands smábátæigenda 13. október 2016.

Hæstvirtur sjávarútvegsráðherra, aðalfundarfulltrúar og aðrir gestir, ég býð ykkur öll velkomin á 32. aðalfund Landssambands smábátæigenda.

Það má með sanni segja að hægt væri að flytja sömu ræðu og flutt var af sama tilefni á aðalfundi fyrir ári síðan. Þó eru nokkur atvik sem ekki passa beint inn í atburðarásina. Um þetta leyti í fyrra bar mikið á umræðu um öryggismál sjómanna vegna hörmulegs sjóslyss sem varð við Aðalvík er Jóni Hákonni hvolfdi en þar fórst einn skipverji. Þrátt fyrir að rúmt ár sé liðið frá slysinu eru hugmyndir um orsök þess og breytingar á öryggisþáttum, sem flestir brugðust, enn ekki komnar fram. Það er ótrúlega dapurlegt að umræðan skuli oftast vera hæst þegar hún er sem viðkvæmest fyrir þá sem hlut eiga að máli. Okkur ber skylda til að lagfæra það sem liggur fyrir að hægt sé að laga til þess að bæta öryggi sjófarenda. Við verðum einnig að tryggja að veikustu hlekkir öryggiskeðjunnar haldi þegar mest reynir á.

Það var stórt skarð höggvið í fjölskyldur tveggja lítilla byggðalaga á Vestfjörðum síðastliðið vor þegar tveir sjómenn fórust í sitthvoru slysinu. Annað slysið varð í Húnaflóa við grásleppuveiðar. Hitt slysið varð við strandveiðar út af Vestfjörðum. Ég vil einnig geta þess að í dag er til moldar borinn Sigurjón Valdimarsson fyrrum ritstjóri Brimfaxes til fjölda

ára. Mig langar að biðja ykkur um að rísa úr sætum og minnst þessara föllnu félaga.... Þakka ykkur fyrir.

Það vill oft komast í umræðuna um strandveiðar að kerfinu sé um að kenna þau óhöpp eða atvik sem verða vegna þeirra reglna sem settar eru og þröngar skorður skapi þann vanda að farið sé út í misjöfnum veðrum.

Það má að öllu leyti taka undir það að naumt sé skammtað í strandveiðikerfið en við megum ekki alfarið skella ábyrgðinni á stjórnvöld og skilja skynsemina eftir heima.

Núna höfum við gullið tækifæri til þess að laga strandveiðikerfið fyrir næsta tímabil, bæta öryggi sjómanna, auka verðmæti og gæði þess afla sem kemur að landi. Það er vonandi að þeir stjórnmalaflokkar eða þau stjórnmalaoöfl, sem setjast við stjórnvölinn leggi við hlustir því Landssamband smábátæigenda getur lagt ykkur til hugmyndir hvernig hægt er að gera strandveiðikerfið eins gott og mögulegt er. Við viljum að fara megi á sjó 4 daga í viku, 4 vikur í mánuði í 4 mánuði með þeim sömu formerkjum og fyrir eru í kerfinu í dag. Það getur vel verið að sumum finnist kröfurnar hógværar en við viljum vera með þær á sanngjörnum nótum. Við vitum vel að strandveiðiaflinn mun aukast frá því sem nú er, en það er bara allt í lagi. Öryggi strandveiðisjómanna mun stóraukast því ekki þarf að keppast við að ná þeim fáu dögum sem oftast eru í boði á sumum svæðum. Það má ætla að gæði aflans aukist því ekki þarf að fiska á grunnsvæðum eða í skjóli í brælum, en þar er oft bæði smærri og verðminni fiskur. Það er nóg rými fyrir þá aukningu sem

þarf, því á meðan að aflamark í þorski hefur aukist um 50% frá árinu 2011 hefur aukning í strandveiðar aðeins vaxið um 20%. Ekki þurfum við að hafa áhyggjur af því að stórútgerðin vilji aukningu í þorski því þeir skrifa uppá útgefið aflamark frá Hafrannsóknastofnun í flestum tegundum athugasemdalaust.

Landssamband smábátæigenda hefur staðið eitt hagsmunasamtaka að réttmætri gagnrýni á útreikninga og vinnubrögð Hafrannsóknastofnunar. Okkur finnst að alltof varlega sé farið í nýtingu á þeim stóra þorskstofni sem við höfum í lögsögu okkar í dag. Bara orðalagið sem fylgir með í skýringum Hafró ætti að fá hvern þann sem lítið hefur lesið sér til um málið til að staldra við textann sem ég set hér sem dæmi :

„Að gefinni þeirri forsendu að samband milli rallþyngdar og aflþyngdar árið 2016 verði svipað og verið hefur er gerð spá um aflþyngdir byggðar á mælingum úr vorrallinu og sambandinu milli rallþyngdar og aflþyngdar árið 2015. Þanniger gert ráð fyrir að aflþyngdir í 5, 7, 8, og 9 ára fiski verði lágar“.

Það er í raun algerlega óboðlegt að Hafrannsóknastofnun skuli setja fram þau gögn að aukning í aflamarki þorsks skuli vera tæp 2% á milli ára og aukningin sé 5 þúsund tonn. Það er ennþá meiri skandall að stjórnvöld skuli skrifa uppá þetta.

Mæld stærð þorskstofnsins samkvæmt Hafró hefur sjaldan verið meiri eða tæp 1.300 þúsund tonn og hrygningarstofn þorsks rétt innan við 600

þúsund tonn. Og eins og áður allt byggt á þessari einu mælingu, 30 mínútna tog sem tekið er á sama stað á sama tíma á hverju ári.

Hvergi má svo mikið sem stíga á strikið sem Hafró setur þá er allt í uppnámi í alþjóðasamfélaginu, sem er svo þægilegt að nefna sem grýlu í þeim hræðsluáróðri sem á dynur ef nefnt er að of varlega sé farið í nýtingu þorsstofnsins.

Mig langar aðeins að líta til annarra fiskistofna, t.d. nokkurra uppsjávartegunda en þá kemur margt skrytið í ljós. Ég tek það sérstaklega fram að ekkert samkomulag er milli veiðipjóða um skiptingu aflaheimilda á veiðisvæðum í Norður-Atlantshafi.

ICES eða Alþjóðahafrannsóknaráðið byggir sínar upplýsingar á gögnum sem meðal annars koma frá Hafrannsóknastofnun.

Makrílinn hefur verið ofveiddur miðað við ráðgjöf í fjölda ára. Hann fær þann dóm á þessu fiskveiðiári að um skekkju eða vanmat í stofni hafi verið að ræða og bætt er við rúmum 100 þúsund tonnum við áður útgefinn tæplega 700 þúsund tonna heildarkvóta fiskveiðiársins. Þrátt fyrir að veidd verði á árinu tæp 1,1 milljón tonna.

Áætlað aflamark í makríl 2017 verður 944 þúsund tonn, eða um 30% aukning þrátt fyrir ofveiði síðastliðinna ára.

Norsk-íslenska síldin hefur verið á hraðri niðurleið samkvæmt mælingum á undanförunum árum en nýjustu mælingar sýna að stofninn sé 40% stærri en árið 2015. Ekki er samstaða strandríkja um úthlutun aflaheimilda.

Aflaukning um 104%, eða úr 320 þúsund tonnum árið 2016 í 646 þúsund tonn árið 2017. Og það þrátt fyrir að veiðin á árinu fari í tæp 380 þúsund tonn.

Síðasta dæmið sem tekið verður er kolmunninn, sem hefur verið að hruni kominn síðustu ár vegna ofveiði og ósamkomulags strandríkja. Hvernig lítur dæmið þar út? Á síðasta ári var ráðlagður heildarkvóti fyrir árið 2016 á kolmunna 774 þúsund tonn. Það má gera ráð fyrir að veidd verði 1.150 þúsund tonn á árinu 2016. Á hverju eigum við von? Skerðingu? Nei takk!

Aukning um 73%, eða heildaraflamark í kolmunna verður 1.342 þúsund tonn á árinu 2017.

Þegar þetta er sett í samhengi við þorsstofninn á Íslandi þá stendur maður algerlega á gati.

Þegar ákveðið var að setja aflamark á makríl var það ekki vegna þess að vernda þurfti stofninn vegna ofveiði. Að mestu leyti var það vegna þrýstings frá örfáum einstaklingum sem höfðu náð tökum á veiðum og vildu þeir helst hamla öðrum að komast til veiða. Í veiðikerfi smábátanna var farið misjafnar leiðir til þess að fá sem mesta aflaviðmiðun. Miklu af sjó og ís var landað til þess að aflareynslan yrði sem mest. Margir þessara aðila reyndu ekki einu sinni að veiða makríl á þessari vertíð, þeir vildu helst skipta á aflareynslunni og öðrum fisktegundum í stóra kerfinu. Við ykkur fulltrúa framboða til Alþingis segi ég, við þurfum ekki fleiri leiðir til þess að koma aflaheimildum upp í stóra kerfið. Við þurfum starfsumhverfi sem gerir okkur kleift að standa á

eigin fótum í samkeppni við stórútgerðina. Ég hvet ykkur til þess að kynna ykkur tillögur og ályktanir allra svæðisfélaga Landssambands smábátæigenda og heildarsamþykktir aðalfundarins að honum loknum því þar koma fram heildarhagsmunir félagsmanna.

Góðir fundargestir

Landssamband smábátæigenda hefur staðið vaktina fyrir tilverurétti smærri útgerða og einyrkja í sjávarútvegi á Íslandi í rúm 30 ár. Ég hef starfað sem smábátasjómáður í rúm tuttugu. Þann tíma sem ég hef komið að félagsmálum og í þau þrjú ár sem ég hef verið formaður ykkar hefur mín sýn á stjórnvöld, hvaða nafni sem þau nefnast, verið sú að í mörgum tilfellum hafi hagsmunir fámennra þrýstihópa verið teknir fram yfir heildarhagsmuni eins fjölmennra samtaka og Landssambandið er. Þar bera stjórnvöld mikla ábyrgð. Sú stefna stjórnvalda að sameining og hagræðing og að sem fæstir komi að sjávarútvegi er byggðafjandsamleg. Við spyrjum á móti – „hagræðing og arðsemi fyrir **hvern**“?

Bara þessi litli gluggi sem strandveiðarnar eru á stjórnkerfi fiskveiða er ekkert annað en til þess að hleypa súrefni þangað inn. Við þekkjum flest að það sem lengi er lokað þar vill oft myndast vond lykt og mikil fýla. Það er nauðsynlegt að fá inn hreint loft til heilbrigðrar hugsunar. Strandveiðarnar gerðu 664 smábátæigendum mögulegt að komast til fiskveiða, að sjá sjálfum sér farborða stóran hluta úr árinu. Er ekki allt í lagi að líta til þess að þessir aðilar velja þennan möguleika sjálfir?

Ágætu aðalfundarfulltrúar

Ykkar bíða tillögur svæðisfélaga LS í þeim nefndum sem þið eruð skipaðir í og óska ég ykkur alls góðs við vinnu ykkar þar. Ég vænti þess að aðalfundur LS muni skila vel unnum tillögum og ályktunum sem stjórnvöld koma til með að vinna eftir til framtíðar og verði sem flestum til heilla.

Ég segi 32. aðalfund Landssambands smábátæigenda settan.